

1. Undirbúningur

- Tæmið fóðurkerfi og fóðursíló í ílát eða gám sem ætlaður er til flutnings til förgunar.

2. Forhreinsun

- Takið viftur úr sambandi, fjarlægið hatta og hengið upp á vegg, ef við á.
- Takið fóðurtrehtar af fóðurrennum og setjið í geymslu eða fordyri (ekki út) á meðan mokað er.
- Mokið skít út (bíða ef rok er).
- Sópið ryk og fóðurafganga úr strompum, viftu, ljósum, leiðslum o.s.frv. (ofan frá og niður).
- Sópið gólfíð.
- Ef húsið er mjög skítugt þarf að bleyta upp skítinn og skola burt áður en sápað er.

3. Sápun

- Blandið sápuefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- Úðið hæfilegu magni af sápublöndunni á alla fleti, einnig fóðurtrehtar að innanverðu. Notið helst lágan þrýsting (25 bör) og kvoðustút.
- Byrjið að kvoða loft, vegg, búnað (vatns- og fóðurkerfi) og endið á gólfi. Kvoðið vel alla fleti í króka og kima að ógleymdum strompum. Athugið að kvoða ekki of stóra fleti í einu.
- Látið kvoðuna liggja á að lágmarki í 20 mínútur en kvoðan má ekki þorna áður en þvegið er.
- Munið eftir geymslu, fordyrum, þvottatækjum, stígvélum og öðrum búnaði sem tilheyrir húsinu.
- Takið fóður- og vatnskerfi í sundur (skálar af, gorma úr o.s.frv.) og leggið í bleyti í sápublöndu.

4. Hreinsun vatnskerfis

- Blandið sótthreinsiefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og fyllið vatnskerfið með blöndunni. Látið renna inn í allt kerfið.
- Látið liggja í leiðslum að lágmarki í 1 klst.
- Skolið vatnskerfi vel með köldu vatni.

5. Þvottur

- Notið lág- eða háþrýstidælu.
- Notið mikið vatn og breiða vatnsbunu.
- Byrjið á lofti, veggjum, búnaði (vatns- og fóðurkerfi) og endið á gólfi. Athugið að þvo strompa með löngum stút. Farið upp á þak og þvoið einnig ofanfrá.
- Notið bursta á erfið óhreinindi og á þá staði sem erfitt er að komast að.
- Passið vel upp á að óhreinindi berist ekki frá óhreinum flötum yfir á hreina.
- Skoðið hvernig til hefur tekist með þrifin og þrifið betur ef sjáanleg óhreinindi eru til staðar.
- Skafið vatnspolla af gólfum og látið húsið þorna sem fyrst.
- Munið eftir geymslu, fordyrum, þvottatækjum, stígvélum og öðrum búnaði sem tilheyrir húsinu.

6. Viðgerðir

- Gerið við allar sprungur í gólfi og veggjum.
- Með annað viðhald húss og búnaðar fer eftir þörfum.

7. Frágangur

- Setjið búnað saman s.s. vatns- og fóðurkerfi og gangið frá strompum.
- Setjið alla lausa hluti sem teknir hafa verið út úr húsum inn aftur og gætið að því að þeir séu hreinir.

8. Eftirlit

- Héraðsdýralæknir tekur út þvott og viðgerðir.

9. Sótthreinsun

- Blandið sótthreinsiefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- Klæðist vatnsheldum hlífðarfötum þannig að öll húð sé hulin og notið andlitsgrímu (sem hylur allt andlitið) með viðurkenndri síu og gúmmíhanska.
- Úðið hæfilegu magni með lágum þrýstingi á alla fleti, einnig fóðurtrehtar að innanverðu.
- Úðið með lágum þrýstingi (35 bör) á alla fleti loft, vegg, búnað, áhöld og gólf.
- Vinnið skipulega til að tryggja að sótthreinsiefnið berist á alla fleti og að allt blotni.
- Munið eftir geymslu, fordyri, þvottatækjum, stígvélum og öðrum búnaði sem tilheyrir húsinu.
- Látið sótthreinsiefnið liggja á að lágmarki í 30 mínútur.
- Skolið sótthreinsiefni af öllum málum með köldu vatni.
- Lokið húsinu.
- Allur umgangur um húsið fer hér eftir um fordyri samkvæmt tilheyrandi umgengnisreglum.

10. Þurrkun og lokasótthreinsun

- Stillið hitastigið á 30°C.
- Gangið frá öllum búnaði þannig að hann þorni sem fyrst.
- Lokasótthreinsun fer fram eftir að hús og búnaður hefur þornað vel.
- Blandið sótthreinsiefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- Úðið með lágum þrýstingi á alla fleti
- Lágmarks hvíldartími eftir lokasótthreinsun er 14 dagar.